



List án landamæra

Úr turni á torg

Undanfarna áratugi hefur orðið mikil hugarfarsbreyting í listum, gagnvart höfundum, listamönnum og áhorfendum. Tímabil rómantikur á 19. öld skapaði sterka ímynd listamanna og skálda sem orðið hefur lífseig, ímynd snillingsins sem skapar list sína í flabeinsturni.

Á tuttugustu öld breyttist þetta viðhorf og æ síðan hafa listamenn leitast við að svipta listina þessari áru snilligáfunnar, með það að markmiði að listin væri allra, jafnt til sköpunar og til að upplifa og njóta.

Listamenn hafa um alllangt skeið sótt innblástur til annarra menningarheima en sinna eigin. Má nefna Gauguin sem dæmi en margir þekkja málverk hans frá Haiti. Listamenn Cobra-stefnunnar leituðu að hugsun, litum og formum á Suðurhafseyjum og í list barna. Súrealistarnir sóttu meðal annars innblástur til geðfatlaðra. Svo mætti áfram telja en til langs tíma var ekki um samstarf að ræða heldur nýtingu á sköpunarkrafti annarra, líkt og nýlendupjóðir notfærðu sér náttúruauðlindir.

Á síðari hluta tuttugustu aldar urðu umskipti á öllum sviðum þjóðfélagsins, konur sóttu á í samfélaginu og einnig ýmsir minnihlutahópar. Í listheiminum birtist þetta í því að söfn og sýningarsalir opnuðu dyr sínar fyrir list „hinna“, og þá fyrst og fremst þeirra sem koma frá ólíkum menningarheimum. Afar fræg var sýningin „Töframenn jarðar“ í París árið 1989 þar sem sjónum var beint að listamönnum utan Evrópu og Ameríku. Ég minnst líka sýningar sem hét „Ég og hinn“ sem haldin var í Amsterdam á tíunda áratugnum og snerist um viðhorf gagnvart innflytjendum.

Straumar og stefnur innan samtímalista beinast nú meðal annars að því að gera listina virka í samfélaginu, hvort heldur er með þátttöku áhorfandans eða með samstarfi listamanna og minnihlutahópa. Þessi hreyfing innan listarinnar er mjög virk á alþjóðlegum vettvangi og oftast ekki leitast listamenn við að vera virkir td. í borgarskipulagi eða í félagsstarfssemi. Frægir listamenn

vinna samvinnuverkefni með öðrum listamönnum eða áhugafólki, til dæmis fólk með ýmis konar fatlanir, en ólíkt því sem áður var er nú unnið á jafnréttisgrundvelli þar sem höfundareinkenni mást jafnvel út, einstaklingurinn er ekki jafn mikilvægur og áður heldur er samstarfið fyrir öllu. Íslenskir listamenn vinna einnig á þessum nótum og oft er samstarf þeirra á milli, til dæmis milli tónlistarmanna og myndlistarmanna. Skemmst er að minnast ljósmyndasýningar sem unnin var í samstarfi við unglínga og eldri borgara í Breiðholti og varpaði nýju ljósi bæði á umhverfi þeirra og innri tengsl. Hérlendis hefur Niels Hafstein unnið ötult starf hvað varðar samspil listar eftir lærða listamenn og óskólageigna.


Hátíðin List án landamæra er í takt við tímanna hvað varðar samstarf af þessum toga, hér er leitast við að koma list og sjónarmiðum á framfæri sem öllu jöfnu finna sér ekki farveg innan hefðbundinna geira listheimsins. Hátíðin er einstakt tækifæri fyrir safnstjóra, leikhússtjóra, galleríeigendur, aðstandendur sýningarsala og skipuleggjendur listahátíða til að kynna list fjölda einstaklinga sem annars væri ekki sýnileg. Það er ekki síst viðhorf og sýningarstefna þessara aðila sem mótar hugarfar listheimsins og almennings. Listamenn samtímans skapa ekki list sína í flabeinsturni heldur í samspiili við umhverfi sitt og samfélagið í sínum margbreytilegu myndum. Hér fáum við einstakt tækifæri til að kynna áhugaverðri listsköpun sem annars væri almenningi hulin, en hátíðin List án landamæra verður öflugri með hverju árinu. Vegni henni sem best!

Ragna Sigurðardóttir, rithöfundur og listgagnrýnandi

Styrktar-aðilar

Reykjavíkurborg
Minningarsjóður Fjólu
og Lilju Ólafsdætra

Nordisk Kulturfond
Pokasjóður
Akkur



Í stjórn hátíðarinnar eru aðilar frá
Landssamtökum Þroskahjálpar, Hinu húsinu,
Fjölmennt – Fullorðinsfræðslu fatlaðra,
Átaki – Félagi fólks með þroskahömlun og
Öryrkjabandalagi Íslands.

Fulltrúar þeirra eru: Friðrik Sigurðsson, Jenný
Magnúsdóttir, Aileen Svendsdóttir, Helga Gísladóttir
og Magnús Korntop.

Framkvæmdastýra hátíðarinnar er Margrét M.
Norðdahl.

Netfang: listanlandamaera@gmail.com

Veffang: www.listanlandamaera.blog.is

Símanúmer: 691-8756.

Forsíðumynd: Kristo Leppáphja



**Fritt er á alla viðburði
hátíðarinnar og eru allir
velkomnir**

Höfuð-borgar-svæðið

Akur-eyri

Austur-land

Borgar-nes og Vest-manna-eyjar

**Vatikanið
Styrktarsjóður Kristins
Arnars Friðgeirssonar
Menningarsjóður
félagsheimila**

**Vetrarhátíð
Hafnarfjarðarbær
Óssur
Akureyrarstofa**

**Dominos
Nói og Síríus
Egils**

Höfuð-borgar-svæðið

11. apríl, föstudagur

Listir, menning og fötlun

Mál-stofa í Há-skóla Íslands; Odda

Tími: 15:00 – 16:30 (3 - hálf 4)

Mál-stofan Listir, menning og fötlun verður haldin á vegum Rann-sóknar-seturs í fötlunar-fræðum við félags-vísindadeild Háskóla Íslands 11. apríl kl. 15.00 – 16.30 í stofu 201 í Odda. Í mál-stofunni verða flutt þrjú erindi sem tengjast listum, menningu og fötlun.

Fötlun og list eða fötlunar-list

Hanna Björg Sigurjónsdóttir, lektor í fötlunarfræði og Kristín Björnsdóttir doktorsnemi í fötlunarfræðum munu fjalla um samspil fötlunar og lista með því að rýna í birtingarmyndir fötlunar í listum, listsköpun fatlaðs fólks og fötlunarlist.

„Eitthvað svo afbrigðilegur“

Ljóti andarunginn fatlaður.

Eiríksína Kr. Ásgrímsdóttir, bókmenntafræðingur og Kristín Björnsdóttir, doktorsnemi í fötlunarfræði verða með samtali tveggja fræðigreina, bókmenntafræði og fötlunarfræði, um birtingarmyndir fötlunar og útskýfunar í Ljóta andarunga H.C. Andersen.

Fötlun í Norrænum kvikmyndum

Friederike Hesselmann meistaraneimi og rithöfundur frá Þýskalandi fjallar um niðurstöður lokaritgerðar sinnar, Disability and the Nordic movie sem segir frá hlutverkum og ímyndum fatlaðra einstaklinga í tólf kvikmyndum frá Norðurlöndum.

Þeir sem þurfa táknmáls-túlk vinsamlegast hafið samband, með viku fyrirvara, við Hönnu Björgu Sigurjónsdóttur hbs@hi.is



18. apríl, föstudagur

Opnunar-hátíð í Ráð-húsi

Reykja-víkur

Tími: 17:00 (5)

Kynnar eru Steindór Jónsson og Víkingur Kristjánsson

- Myndasýningin „Hvað er einn litningur á milli vina“ eftir Hörpu Hrund Njálsdóttur ljósmyndara. Myndirnar voru teknar haustið 2005 á Þjóðminjasafninu fyrir styrktardagatal fyrir Félag áhugasafólks um Downs-heilkenni.
- Ester Heiðarsdóttir leikur á píánó, „Söng Sólveigar“ eftir Grieg, „Menúett“ eftir Bach og „Vorið“ eftir Vivaldi.
- Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra setur hátíðina
- Jón Gunnarsson, rísandi poppstjarna
- Freyja Haraldsdóttir og Alma Guðmundsdóttir lesa upp úr bók sinni *Postulín*
- Kór Fjölmennar á Selfossi og Valgeir Guðjónsson
- Bergvín Oddsson, öðru nafni Beggja Blindi, er með uppistand
- Dansklúbbur Hins hússins ásamt Páli Óskari
- Atriði á opunarhátíðinni verða túlkuð á táknmáli



Sam-sýning í Austur-sal Ráð-hússins

Tími: 17:00 (5)

Fjölmargt ólíkt listafólk sýnir í Austursal Ráðhússins. Málverk, teikningar, textilverk og margt fleira. Sýnendur eru: Helgi Ásmundsson, Ella Halldórsdóttir, Bjarney Erla Sigurðardóttir, Eyjólfur Kolbeins, Gígja Thoroddsen, Eiður Sigurðsson, Þorsteinn

Þorsteinnsson, Þór Magnús Kapor, Sigrún Huld, Magnús Halldórsson, Ásgeir Valur, Ingvar Þór, Halldór Bjarni Pálmason, Bergur Ingi Guðmundsson, Gísli Steinn Guðlaugsson, Hringur Úlfarsson, Gylfaflöt, Anna Borg, Ásgeir Ísaks, Óskar Theodórsson.

Sýningin er opin á opunartíma Ráðhússins og stendur til 24. apríl

19. apríl, laugardagur

Gjörningur Átaks við Al-þingis-húsið

Tími: 13:00 (1)

Mæting fyrir framan Al-þingis-húsið

Kirkju-stræti,
101 Reykjavík
www.lesa.is

Átak, félag fólks með þroska-hömlun mun taka þátt í við-burðum „Listar án landa-mæra“ í ár, líkt og undan-farin ár.

Átak mun standa fyrir gjörningi sem mun eiga sér stað þann 19. apríl á laugar-degi. Gjörningurinn byrjar kl. 13:00 (1). Æski-legt er að fólk verði komið fyrir kl. 13 (1).

Mæting er hjá Al-þingis-húsinu við Austur-völl og ætlunin er að mynda hring um Al-þingis-húsið þ.e. að fólk haldist í hendur og náí að mynda hring um bygginguna.

Gjörningurinn felur ekki í sér mótmæli af neinu tagi, honum er ætlað að minna á til-veru okkar og sam-stöðu sem erum þroska-hömluð.

Eftir gjörn-inginn er upp-lagt að fara yfir á kaffi-húsið í Hinu-húsinu í gamla póst-húsinu. Við hvetjum alla til að koma sem hafa áhuga að gera þetta að veru-leika með okkur.



Geð-veikt kaffi-hús Hugar-afls á Kaffi Rót

Tími: 12:00 – 17:00 (12-5)
Kaffi Rót, Hafnarstræti 17
www.Hugarafl.is

Manískar veitingar og kaffi til sölu. Undarlegar en skemmtilegar uppákomur og alls kyns geðveiki.

Ljós-mynda-sýning á Kaffi Rót.

Tími: 14:00 (2)
Kaffi Rót, Hafnarstræti

Sigurjón Grétarsson sýnir landslagsmyndir í Kaffi Rót.
Sýningin er opin á opnunartíma kaffihússins og stendur til 1. maí

Hand-verks-markaður

Tími: 12:00 – 17:00 (12-5)
Kaffi Rót, Hafnarstræti 17

Glæsilegt handverk til sýnis og sölu. Meðal annars vörur frá Bjarkarási og Gylfaflöt



23. apríl, miðvikudagur, Opið hús á Sléttu-vegi 9

Tími: 15:00 (3)
Sléttuvegur 9,
103 Reykjavík

Á Sléttuvegi 9 búa hæfileikaríkir menn. Óskar Theodorsson og Guðmundur Kristján Jónsson sýna málverk, Arngrímur Ólafsson flytur ljóð, Sigurður Sigurðsson býður uppá heimagera konfekt, Ómar Kristjánsson og Leifur Leifs þeyta skífum og Jón Sigurður Friðvinsson kynnrir bækur.

Vor-hátíð Fjöl-menntar

Hátíðin verður haldin á Hilton Reykjavík Nordica.
Á dagskrá er matur, skemmtiatriði og ball. Hlynur Áskelsson, söngvari Mercedes Club er veislustjóri undir borðhaldi. Perlan skemmtir, Plútó og Hraðakstur bannaður spila fyrir dansi. Dagskráin verður betur auglýst síðar, sjá www.fjolmennt.is

24. apríl, fimmtudagur, Landa-mæri án Listar á Súfistanum

Tími: 15:00 (3)
Súfistinn, Strandgötu 9,
220 Hafnarfjörður
www.redcross.is

Sýnendur hafa unnið að list sinni í athvarfinu Lækur í Hafnarfirði. Farið var í gegnum expressjónisma og impressjónisma og endað í frjálstri sköpun þar sem sannir hæfileikar listamannanna komu í ljós. Hér skín metnaður og þrautseigja í gegn í hverjum pensildrætti. Sýnendur eru: Guðrún Guðlaugsdóttir – BARBÍ, Kristinn Þór Elíasson, Guðrún Helga Ágústsdóttir, Elín Dóra Elíasdóttir, Hrafnhildur, Hildur Dögg Guðmundsdóttir og Ester – Argintæta. Sandra María Sigurðardóttir – SmS, er listrænn leiðbeinandi hópsins. Sýningin stendur til 8. maí og er opin á opnunartíma Súfistans.

26. apríl, laugardagur



Lifandi bóka-safn í umsjón UngBlind

Tími: 13:00 – 16:00 (1 – 4)
Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5,
101 Reykjavík
www.blind.is

Á lifandi bókasafni gefst almenningi kostur á að fletta upp í lifandi bókum um ýmsa minnihlutahópa. UngBlind er hópur ungmenna á aldrinum 15-35 ára, blindra og sjónskertra. Þau hafa í gegnum tíðina staðið fyrir ýmsum viðburðum m.a. Blindu kaffihúsi og Lifandi bókasafni.

Leyni-hernaður Ný Ung

Tími: 13:00 – 16:00 (1-4)
Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík
www.sjalfsbjorg.is

Ný Ung boðar byltingu og býður upp á af-óftlun.

28. apríl, mánudagur Sýning Guðrúnar Bergs-dóttur á Mokka

Tími: 17:00 (5)
Skólavörðustíg 3a, 101 Reykjavík
www.mokka.is

Guðrún Bergsdóttir er fædd árið 1970. Hún hefur sótt fjölmörg námskeið hjá Fjölmennt, m.a. í textílsaumi og vélsaumi. Árið 2000 hóf Guðrún að gera eigin myndir og er innblásturinn algerlega úr hennar eigin hugarheimi og myndefnið er spunnið upp jöfnum höndum. Sýningin stendur til 17. maí og er opin á opnunartíma Mokka.



Höfuð-borgar-svæðið

Leik-listar-veisla í Borgar-leik-húsinu

Tími: 20:00 (8)

Lista-braut 3, 103 Reykjavík

Sýningarstjóri er Christopher Astridge

Athugið að pláss er fyrir 15 hjólastóla og um 180 manns í sæti

Perlan

Perlan sýnir ævintýraleikinn Ljón og mýs. Leikgerð og leikstjórn: Sigríður Eypórsdóttir

Tónlist: Máni Svavarsson

Búningar: Bryndís Hilmarsdóttir

Grafík: Helgi Hilmarsson

Leikendur: 1. Ljón: Hreinn Hafliðason

2. Ljón: Gerður Jónsdóttir

3. Ljón: Ragnar Ragnarsson

1. mús: Sigrún Árnadóttir

2. mús: Hildur Davíðsdóttir

3. mús: Guðrún Osk Ingvarsdóttir

Veðþjófvar: Sigfús S. Svanbergsson og Garðar Hreinsson

Leikraddir: Bergljót Arnalds, Ólafur Darri Ólafsson, Hreinn Hafliðason, Ragnar Ragnarsson Hildur Davíðsdóttir, Sigrún Árnadóttir og Sigríður Eypórsdóttir.



Dansklúbbur Hins Hússins

Í dansklúbbnum eru hressir og skemmtilegir krakkar sem komið hafa saman í Hinu Húsinu öll mánudagskvöld í vetur. Kvöldin eru með eindæmum fjörug og fjölbreytt. Farið er í skemmtilega leiki og er ekkert skafið undan í upphitunarleikjunum þar sem sviti lekur af hverjum manni. Öll dansspor eru æfð stíft

og ekkert gefið eftir. Í lok hvers kvölds endum við á teygjum og góðri slökun. Ást okkar á Páli Óskari hefur verið sönn og gerum við allt fyrir ástina á honum. Það var því einróma ákvörðun að dansa við Pál Óskar.

Leiðbeinandi: Jóna Elísabet Ottesen
Dansarar: Sunnefa Gerhardsdóttir, Guðrún Bergsdóttir, Hlynur Steinarsson, Birna Rós Snorradóttir, Edda Sighvatsdóttir, Kristinn Sigurður Ásgeirsson.

Blikandi stjörnur

Blikandi stjörnur flytja blandaða söngdagskrá þær skipa: Margrét Eiríksdóttir, Árni Ragnar Georgsson, Hugrún Dögg Þorfinnsdóttir, Erla Grétarsdóttir, Helgi Hrafn Pálsson, Birna Rós Snorradóttir og Ólafur. Leiðbeinandi þeirra er Ingveldur Ýr Jónsdóttir.

MAS, leik-félag Ásgarðs

Leikfélagið M.A.S. sýnir leikritið ÍSLAND ÖGRUM SKORIÐ saga Íslands - eins og hún leggur sig Höfundur: Leikhópurinn

Leikstjóri: Ingólfur Níels

Leikarar: Gunnar Gunnarsson, Magnús Örn Skúlaason, Óskar Albertsson, Pétur Sveinþórsson, Runólfur Ingi Ólafsson, Richard Örnuson, Sigurbjörn Guðmundsson, Sigurjón Hauksson, Steindór Jónsson, Steingrímur Ævarsson o.fl.

Sviðsmaður: Birgir Björnsson

Myndvinnsla: Hans Vera

Leikmunir: Ásgarður Handverkstæði

Búningar: Fjölsmiðjan

Tjarnarhópurinn

Sýnir verkið: Bekkur – ævintýri á gönguför
Leikendur: Andri Freyr Hilmarsson, Arnþjórn



Magnea Jónsdóttir, Auðun Gunnarsson, Ástrós Yngvadóttir, Elín Ólafsdóttir, Gísli Björnsson, Guðmundur Stefán Guðmundsson, Hildur Sigurðardóttir, Halldóra Jónsdóttir, Halldór Steinn Halldórsson, Íris Björk Sveinsdóttir, Rut Ottósdóttir, Sigurgeir Sigmundsson. Leiðbeinendur: Guðlaug María Bjarnadóttir og Guðný María Jónsdóttir.

1. maí, fimmtudagur

Víkings-öldin og Fjöl-mennt í Norræna Húsinu

Tími: 15:00 (3)


Norræna Húsið, Sturlu-götu 5 (í Vatns-mýrinni)

www.kettuki.fi

www.nordice.is

www.fjomennt.is

Sýningarnar standa til 22. maí og eru opnar frá kl. 12 – 17.



Víkings – öldin

Sýning 22 finnskra listamanna í Norræna Húsinu. Sýningarnar koma úr Pettula Vocational School og úr Kettuki listmiðstöðinni í borginni Hämeenlinna í Finnlandi. Kettuki listmiðstöðin er ætluð fólki með námsörðugleika og hóf starf sitt sumarið 2006. Markmið Kettuki er að koma list fólks með fötlun á framfæri á heimsvísu og auka veg hennar og vanda. Auk þess að auka tækifæri fyrir fatlað fólk til þess að læra og stunda listiðju í bæði faglegu og tómstunda samhengi. Þema myndanna er: Ísland, íslenskt landslag og kirkjur, fólk og víkingar.

Höfuð-borgar-svæðið



Fjöl-mennt

Fjölmennt sýnir verk sín í Norræna húsinu og sem fyrr er það gleðin og fjölbreytnin sem höfð er að leiðarljósi. Nú er það Mexíkó og kjólarnir hennar Fridu Kahlo sem meðal annars hafa veitt innblástur. Á sýningunni eru verk unnin í leir, pappamassa, málverk og leikföng. Það er bæði skemmtilegt og gefandi að kynnast menningu annarra landa og skerpir skilning okkar á því að framtíð okkar veltur ekki á einsleitni fyrri kynslóða heldur fjölmenningu komandi kynslóða. Það er verkefni sem mætir okkur öllum og lykkillinn að betri heimkynnum. Verkin eru eftir nemendur í Fjölmennt á Akureyri og Fjölmennt í Reykjavík.

Sýning starfs-brautar FG í anddyri Norræna Hússins

Tími: 15:00 (3)

Nemendur starfsbrautar Fjölbrautaskólans í Garðabæ sýna myndverk sem þeir hafa unnið að í vetur. Myndefnið er portrett, stúdía á sjálfsmynd með fjölbreyttum aðferðum svo sem akrýlmálun, gifs og grímur. Sýnendur eru: Aron Ragúel Guðjónsson, Aron Sigurbjörnsson, Egill Steinþórsson, Ísak Óli Sævarsson, Jakob Alexander Aðils, Ólafía Sigrún Erlendsdóttir, Þórunn Kristjánsdóttir. Kennari nemenda í vetur er Sari Maarit Cedergren

Upp-sveifla Monitor á Organ

Tími: 21:00 (9)

Organ, Hafnarstræti 1-3 101 Reykjavík



www.monitor.is

Blikandi stjörnur
Hraðakstur bannaður
ásamt fleiri hljómsveitum, nánar auglýst síðar.

3. maí, laugardagur

Mynd-list í Hinu Húsinu

Tími: 13:00 -17:00 (1-5)

Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík

www.hitthusid.is

Samsýning á málverkum og ljósmyndum úr starfi vetrarins í Hinu Húsinu.
Sýningin verður opin á opnunartíma Hins Hússins.

5. maí, mánudagur

Ás-garður hand-verkstæði, opið hús 5 – 7. maí

Tími: 13:00 – 15:30 (1- hálf 4)

www.asgardur.is

Opið hús í Ásgarði. Gestum verður boðið upp á kaffi og með því. Þetta er tilvalið fyrir alla sem vilja kynnast Ásgarði og starfsmönnum þess og til að koma og ræða við listamenn Ásgarðs um leikföngin og þeirra listsköpun.

Tón-leikar Fjöl-menntar í Salnum

Tími: 18:00 (6)

Salurinn, Kópavogi

www.fjolmennt.is

Fram koma: Hljómsveitin Plútó ásamt hljómsveitinni Hraðakstur bannaður,

Hrynsveitin, Tónakórinn og söngsveitin Prins Póló. Þá verður einnig einsöngur og ýmsir einleikarar munu leika m.a. á píanó, blokkflautu, gítar, munnhörpu, o.fl.

6. maí, þriðjudagur

Opið Hús hjá Iðju-bergi dagana 6 – 8. maí

Tími: 9:30-11:30 og 13:30-15:30

Iðjuberg, Gerðubergi 1,

111 Reykjavík

Iðjuberg er dagþjónusta og verndaður vinnustaður fyrir fjölbreyttan hóp fatlaðra á aldrinum 25 ára og uppúr. Boðið er upp á heilsdags og hálf dags störf. Listiðja stendur öllum til boða. Þar er áhersla lögð á að tilboð séu við hæfi. Þar eru unnin margvísleg verkefni. Þæfing úr ull, málun, skartgripagerð, keramikvinna og samvinnuverkefni með hæfingunni. Öll tilboð miðast við getu og áhuga þjónustuþeganna.

7. maí, miðvikudagur

Meningar-hátíð á Kleppi

Dagskráin verður nánar auglýst síðar

8. maí, fimmtudagur

Opið Hús hjá Skála-túni

Tími: 12:00 – 18:00 (12-6)

Skálatún,

270 Mosfellsbær

www.skalatun.is

Dagþjónusta er samþætt á Skálatúni og skiptist í vinnustofur, dagdvöl og hæfingu og er markmiðið að veita einstaklingsmiðaða þjónustu. Þar er rekið gallerý með fallegum listmunum sem allir taka þátt í að skapa. Opið er virka daga frá kl: 8-15.30.

17. maí, í Gallerý Tukt

Ljósmyndir frá ný-afstaðinni hátíð

List án landamæra

Fylgist með á www.hitthusid.is

Akur-eyri

19. apríl, laugardagur

Safna-safnið

Tími: 14:00 (2)

Svalbarðs-strönd

601 Akureyri

www.safnasafnid.is

Safnasafnið býður upp á fjölbreytt lista- og menningarstarf sem hefur vakið athygli heima og erlendis. Það varðveitir megin hluta bestu eintaka alþýðulistar þjóðarinnar, 4.840 verk, og á að auki um 200 verk eftir nútímalistamenn.

Safnasafnið er með samlegðaráhrifum orðið eitt stærsta og mikilvægasta listasafnið á landinu, grundvallað á skipulagðri söfnun í áratugi. Flutningur þess í eigið húsnæði markar spennandi tímamót og sýningar vekja eftirvæntingu gesta ár eftir ár.



Safnasafnið höfðar til barnsins í manninum og barnanna sjálfra, eflir þau gildi í sköpun sem byggja á hreinni sýn, sjálfsprottinni framsetningu, móttækileik, undrun, saklausri frásögn og tjáningu.



Safnasafnið reynir að opna augu fólks fyrir ólíkum hlutum og minningum, gagnsemi og listfengi, samhljómi persónulegrar iðju og fjöldaframleiðslu, hvernig einn hlutur tengist öðrum, vísar í þann þriðja og á hugsanlega samleið með þeim fjórða.

Safnasafnið reynir að standast ítrustu alþjóðlegu kröfur um fagmennsku og ábyrgð, viðheldur hugsjónum sínum um jafnrétti og kynnir frumlegar hugmyndir. Það er gagnvirkt, flott og óútreiknanlegt.

Gler-salur

19. apríl - 12. október 2008

Huglist

Akureyri

Árið 2007 stofnaði listafólk á Akureyri félagið Huglist sem vettvangur fyrir fólk með geðræn vandamál sem vill vera sýnilegt í samfélagi við aðra. Þau sýna í Safnasafninu á hátíðinni List án landamæra. Sýnendur eru Stefán J. Fjólán, Finnur Ingi Erlendsson, Atli Viðar Engilbertsson, Brynjar Freyr Jónsson, Ragnheiður Arna Arnarsdóttir og Hallgrímur Siglaugsson.

Austur-salur

19. apríl 2008 - 1. mars 2009

Ingvar Ellert Óskarsson (d), Reykjavík - pappírsvverk (639 verk eru varðveitt í safninu í 10 ár skv. samningi við bróður höfundar, Guðmund Vigni Óskarsson, en síðan afhent safninu til eignar).

3. maí, laugardagur

Mynd-list á Akur-eyri

Tími: 15:00

Snúist í Hringi, sýning Rósu Júlíusdóttur og Karls Guðmundssonar

Sýning stendur til 18. maí

Ketilhúsinu, Kaupvangsstræti 23

600 Akureyri

Karl Guðmundsson (Kalli) og Rósa Kristín Júlíusdóttir hafa unnið saman að listsköpun í fjöldamörgum árum, bæði sem kennari og nemandi en líka sem félagar/vinir í listinni. Þau hafa haldið sameiginlegar listsýningar og tekið þátt í margskonar samsýningum. Einnig hafa þau haldið fyrirlestra um samvinnu sína í tengslum við sýningarnar og á ráðstefnu um menntamál.

Karl Guðmundsson útskrifaðist af myndlistabraut Verkmenntaskólans á Akureyri vorið 2007 og í mörgum árum hefur hann komið á vinnustofu Rósu Kristínar til náms og leiks. Karl býr yfir góðum skilningi og næmri listrænni tilfinningu.

Rósa Kristín útskrifaðist úr málunardeild Listaakademíunnar í Bologna á Ítalíu. Hún kenndi við Myndlistaskólann á Akureyri frá 1980 – 2000 og var stundakennari við LHÍ í nokkur ár. Rósa er lektor í myndlistakennslu við Háskólann á Akureyri.

DaLí Galleryý

Tími: 15:00 (3)

Brekkugötu 9


600 Akureyri

daligallery.blogspot.com

Starfsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri sýnir úrval verka nemenda í DaLí Galleryý. Meðal annars má sjá myndbandsverk, textíl, málverk, teikningar og skúlptúra.

Sýningin stendur til sunnudagsins 11. maí.

Allir hjartanlega velkomnir.



Opið hús í Lautinni

Tími: 14:00 – 17:00 (2 – 5)

Brekkugata 34

600 Akureyri

www.redcross.is

Ýmis listaverk, handverk og ljóð til sýnis og gómsætar kaffiveitingar til sölu.

8. maí, fimmtudagur

Fjöl-mennt í Amts-bókasafninu

Tími: 17:00 (5)

Brekkugötu 17

600 Akureyri

Myndlistarsýning Fjölmenntar á Amtsbókasafninu fimmtudaginn 8. maí kl. 17:00. Það eru fornminjar og frumbyggjalist sem meðal annars hafa veitt okkur innblástur. Á sýningunni eru málverk, leikföng og verk unnin í leir og úr pappamassa. Veitingar og lifandi tónlist við opnun. Sýningin stendur til loka júní mánaðar.



Austur-land

24. apríl, fimmtudagur

Líf í leir í Kompunni

Tími: 14:00 (2)

Lyngási 12

700 Egilsstaðir

Sýning í geðræktarmiðstöðinni Kompunni. Anne Kampp leirlistarkona og nemendur hennar sýna verk sín sem unnin hafa verið á vinnustofu hennar í vetur. Anne er menntuð í leirlist og hefur unnið við leirlistina í fjöldamörg árum. Hún hefur haldið sýningar og ótal námskeið. Nemendur Anne er fjölbreyttur hópur, fólk á öllum aldri og með mismunandi getu hefur notið þess að fá útrás fyrir sköpunarþörf sína á vinnustofu hennar. Sýningin verður opin frá kl. 13.00 til 16.00 virka daga og lýkur 1. maí.

Myndlistarnámskeið í Kompunni

Lyngási 12

700 Egilsstaðir

Í geðræktarmiðstöðinni Kompunni verður haldið myndlistarnámskeið dagana 24. – 27. apríl. Elísabet Lorange listmeðferðarfræðingur leiðbeinir á námskeiðinu.

Prjónakaffi í kaffihúsinu

Café Valný

Café Valný, Miðvangi 2-4

700 Egilsstaðir

Á Prjónakaffi verður leiðsögn í prjónaskap, gert verður sameiginlegt listaverk ofl. Prjónakaffi stendur yfir dagana 24. – 30. apríl.

28. apríl, mánudagur

Opið hús í lǽju

Tími: 10:00-12:00

Neskaupstaður

Kynning á starfsemi lǽju, sýning á handverki og kaffiveitingar.

1. maí, fimmtudagur

Ljósmyndamaráðun

Tími: 16:00 – 18:00 (4-6)

Sláturhúsið – Menningarsetur ehf

700 Egilsstaðir

Ólöf Björk Bragadóttir myndlistarkona er verkefnastjóri ljósmyndamaráðunsins. Diskókingurinn Kiddi í Vídeóflugunni mun sýna gamla og nýja takta og þeyta skífum við opnun sýningarinnar.

Kvikmyndin Alexander verður sýnd í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands.

2. maí, föstudagur

Opið hús í Stólpa

Tími: 10:00 – 15:00 (10 – 3)

Lyngási 12

700 Egilsstaðir

Stólpi er vinnu og verkþjálfunarstaður á Egilsstöðum. Kynning á starfssemi, sýning á framleiðslu og handverki og kaffiveitingar.

3. maí, laugardagur

Blikandi Stjörnur flytja blandaða

söngdagskrá.

Nánar auglýst síðar



Borgar-nes og Vest-manna-eyjar

20. apríl, sunnudagur

Myndlist í Landnáms-setrinu

Tími: 14:00 (2)

Landnáms-setrið

Brákar-braut 13-15

310 Borgarnes

<http://outsidersart.blogspot.com>

<http://www.landnamssetur.is>

Sýndendur eru: Árni Ásbjörn Jónsson, Guðmundur Ingj Einarsson, Guðmundur Stefan Guðmundsson, Ölver Þráinn Bjarnason og Arnar Pálmi Pétursson. Leiðbeinandi þeirra er Ólöf Davíðsdóttir listakona í Brákarey.

10. maí, laugardagur

List án landamæra í Vestmannaeyjum.

„Frá því að við fórum að taka þátt árið 2005 hefur sýningin verið sett upp í tengslum við fjölskylduhelgi sem haldin er hér yfir Hvítasunnuna. Í ár verður sami háttur á og verður sýningin opnuð á setningu fjölskylduhelgarinnar í íþróttahúsi Vestmannaeyja 10. maí. Sýningin verður opin áfram og gefst öllum þeim sem heimsækja eyjarnar kostur á að skoða sýninguna. Sýningum okkar hefur verið mjög vel tekið og vel gefist að tengja þetta tvennt saman enda mikið um ferðamenn yfir þessa helgi.“

Jóhanna Hauksdóttir





List án landamæra þakkar öllum þátttakendum styrktaraðilum og öðrum sem komu að hátíðinni innilega fyrir samvinnuna.

www.listanlandamaera.blog.is

